



## Fundargerð 25. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Zoom 31. október 2023 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Jón Þór Jónsson (JPJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

**Mættir varamenn:** Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Kolbrún Vignisdóttir (KV).

Fundinn sat einnig Björgvin Jónsson (BJ) starfsmaður AKÍS

AS ritaði fundargerð.

### 1. Formannafundur 4. nóvember

Farið yfir dagskrána og þau mál sem þar verða tekin fyrir og rætt hvernig þau verða lögð fram.

### 2. Verðlaunaafhending Íslandsmeistaratitla

Farið yfir undirbúning og dagskrá. Undirbúningur gengur vel en skráning er enn heldur dræm. Auglýsingar eru að fara á samfélagsmiðla og opið verður fyrir skráningu til föstudags.

### 3. Keppnisdagatal 2024

Megin drög dagatalsins liggja fyrir en verið er að finna lausnir á nokkrum atriðum varðandi bil milli keppna í greinum sem og fjölda keppna í ákveðnum keppnisgreinum.

### 4. Regluráð AKÍS

Á 10. stjórnarfundu 9. maí s.l. var skipað í regluráð en þar var Baldvin Hansson skipaður til þriggja ára. Á þeim tíma hafði Tryggvi M Þórðarson sagt sig úr ráðinu en það fórst fyrir að skipa fulltrúa í hans stað. Ráðið er því einungis skipað tveimur aðilum í dag.

Ákveðið að skipa Ingimund Helgason í ráðið til þriggja ára, eða til vorsins 2026.

### 5. Keppnisráð í spyrnu

Með tölvupósti 19. október 2023 sagði Halldór Hauksson sig úr keppnisráði í spyrnu, en hann var fulltrúi AKÍS í ráðinu.

Málið rætt og ákveðið að stjórn skipi ekki fulltrúa í ráðið að sinni.

### 6. Bréf til stjórnar

Stjórn barst bréf varðandi tilnefningar til akstursíþróttafólks ársins.

TMP og AS falið að svara bréfiturum í samræmi við umræður á fundinum.

### 7. Önnur mál

**Kvennaflokkar í rallycross** - Stjórn tekur jákvætt í hugmyndina og felur keppnisráðinu að útfæra hana í keppnisgreinareglum.

Næsti fundur 14. nóvember kl. 19.30 á Zoom

Fundi slitið kl. 21.